

Fundur Hverfisnefndar Brekku og Innbæjar nr.31 þann.3. desember 2008,
Fundartími 20:30 til 22:15 í Brekkuskóla.

Mættir á fundinn voru: Bergljót Þrastardóttir, Anna Kristveig Arnardóttir, Viktoria Gestsdóttir og Sigurður Jónsson

Eftirfarandi efni voru tekin fyrir.

-Bergljót kynnti vinnu nefndar um endurskilgreiningu á hlutverki hverfisnefnda. Þar lagði hún út af drögum sem hún sendi nefndarmönnum í síðustu viku og sagði menn ánægða með athugasemdir okkar. Þær hefðu skapað umræður um hvernig ferli mál sem koma frá hverfisnefndum ættu að fara inn í.Einnig hvernig samskiptum hverfisnefnda og bæjarins eigi að vera og einnig samskipti hverfisnefnda við íbúa bæjarins.

Þar hafi einnig komið fram að útbúa ætti möppu fyrir hverfisnefndir til upplýsingar þar sem t.d. verði form til að fylla inn erindi hverfisnefnda við nefndir, ráð og stofnanir bæjarins o.m.fl.

Einnig sé verið að vinna í því að íbúar hverfa geti skráð sig á póstlista þannig að bæta samskipti hverfisnefnda og íbúa hverfisins.

Það kom fram í umræðum að einn fundur væri eftir í undirbúningsnefndinni og niðurstaða starfs nefndarinnar ætti að vera nýtt skipunarbréf og mappa með upplýsingum og pappírurum sem hverfisnefndir gætu nýtt sér til hálfar í sínum störfum.

- Rætt var um kaffihús sem hverfisnefndin mun standa fyrir í febrúar. Þar kom fram að næsti fundur þyrfti að fara í það að skipuleggja þann viðburð. Miðað verði við að 2. þriðjudag í febrúar (10. febrúar) verði þetta að veruleika. Viðburðurinn stæði frá 18 til 20 og í tengslum við hann yrðu 3 – 4 kynningar og umræður á eftir sem tæki um 30 mín. hver.

Stungið upp á að fá aðila til að kynna áætlun um reiðhjólástíga í sveitarfélaginu, aðra til að kynna endurvinnslumál og þriðja tillagan var kynning á starfsemi Rósenborg.

Það þyrfti að hafa samband við stjórnendur Brekkuskóla og fulltrúa 10. bekkjar varðandi þetta.

Bergljót lagði til að ef fjárveitingu bæjarins til Herfisnefndar Brekku og Innbæjar þurfi að nýta á árinu 2008 að þá yrði henni veitt til styrktar Mæðrastyrksnefndar. Það yrði háð því að bærinn leyfði það. Það var góður rómur gerður að því og Bergljót sagðist myndu kanna það.

Fleira ekki tekið fyrir.

Sigurður Jónsson ritari